

Reykjavík 30. apríl 2026,

Utanríkismálanefnd sendi Hagfræðistofnun nokkrar spurningar um áhrif Evrópusambandsaðildar 14. apríl síðastliðinn. Svörin fara hér á eftir. Að þeim unnum við hagfræðingarnir Kári Kristjánsson, Sigurður Thorlacius Ingólfsson og Sveinn Agnarsson. Við þökkum góðar ábendingar frá Arnaldi Sölva Kristjánssyni, Gylfa Zoega, Maríasi Gestssyni, Tor Einarssyni og Þórólfi Matthíassyni, sem lásu drög að svörunum á fyrri stigum. Höfundar bera þó einir ábyrgð á niðurstöðunni.

Sigurður Jóhannesson.

1. Hvaða áhrif hefði aðild að ESB og upptaka evru á hagvaxtargetu íslenska hagkerfisins?

Ísland er nú þegar hluti af Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem sömu reglur gilda í meginatriðum á flestum sviðum viðskipta. Við aðild að Evrópusambandinu yrði landið líka hluti af innra markaði sambandsins með búvörur og sjávarafurðir. Þá mundu Íslendingar líkast til taka upp evru eftir nokkurra ára aðdraganda. Sú breyting hefði sennilega mest áhrif á íslenskt efnahagslíf. Hugmyndin með sameiginlegum gjaldmiðli er sú sama og með innra markaði sambandsins: Að greiða fyrir viðskiptum aðildarlanda. Sameiginleg mynt auðveldar verðsamanburð og dregur úr áhættu í viðskiptum, því að gengissveiflur eru úr sögunni. Þar sem sama mynt er notuð hverfur gjaldeyrisáhætta líka í fjárfestingum. Greið viðskipti og fjárfestingar stuðla að hagkvæmri verkaskiptingu milli þjóða, þannig að hver og einn eigi auðveldara með að gera það sem hann gerir best.¹ Erlend fjármálafyrirtæki kunna að sýna Íslandi meiri áhuga ef hér er notuð sama mynt og í öðrum löndum. Þannig gæti samkeppni aukist á íslenskum fjármálamarkaði og kostnaður neytenda minnkað. Áhætta lífeyrissjóða og annarra íslenskra fjárfesta minnkar líka þegar hægt er að fjárfesta á evrusvæðinu án gjaldeyrisáhættu, samanber svar við spurningu ó hér á eftir. Með öðrum orðum ættu þeir að geta ávaxtað fé sitt betur að óbreyttri áhættu. Þegar evra er orðinn opinber gjaldmiðill á Íslandi minnka sveiflur í hlutfallslegu verðlagi (raungengi) miðað við önnur evrulönd. Stöðugra raungengi liðkar fyrir vexti nýrra útflutningsgreina, en þær eru oft viðkvæmar fyrir sveiflum í raungengi. Sameiginleg mynt ýtir þannig á ýmsan hátt undir hagsæld. Ætla má að ávinningur af greiðum viðskiptum við útlönd sé að öðru jöfnu þeim mun meiri sem landið er minna sem á í hlut, því að utanríkisviðskipti eru að jafnaði mikilvægari fyrir lítil lönd og fámenn en stór. En á móti kemur að peningastefnan verður ekki lengur sérsniðin að íslenskum aðstæðum. Ekki verður lengur hægt að bregðast við séríslenskri þenslu með því að hækka vexti og lækkun krónunnar leysir ekki lengur atvinnuleysisvandann. Innlend laun og verðlag verða að bregðast við hvers kyns áföllum sem landið verður fyrir. Líklegt er að aðlögunin verði minni og hægari en þegar gengið getur hreyfst. Sveiflur gætu aukist í atvinnu. Hreyfanleiki vinnuafis dregur úr þörf fyrir sjálfstæða gjaldmiðla, eins og Mundell benti á í grein sinni um hagkvæm gjaldeyrisvæði árið 1961, en það hentar ekki öllum að flytja til annars lands.²

Ýmis vandkvæði eru á að meta heildaráhrif sameiginlegrar myntar, en það hefur samt verið gert. Í upphafi 21. aldar könnuðu hagfræðingarnir Jeffrey Frankel og Andrew Rose áhrif sameiginlegrar

¹ Í bók sinni *On the Principles of Political Economy and Taxation* frá 1817 sýnir Ricardo fram á að tvö lönd sem framleiða tvær ólíkar vörur hagnast á því að skipta með sér verkum, þó að framleiðni sé meiri í framleiðslu beggja vara í öðru landinu. Hlutfallslegir yfirburðir nægja.

² Robert Mundell, 1961, *A Theory of Optimum Currency Areas*, *The American Economic Review*, 51. árg., 4. töl.

myntar á verslun þjóða. Jafnframt lögðu þeir mat á áhrif aukinna utanríkisviðskipta á hagvöxt.³ Þeir komust að þeirri niðurstöðu að myntbandalag þrefaldaði viðskipti aðildarlanda hvert við annað. Þá var það mat þeirra að tekjur á mann ykjast um að minnsta kosti þriðjung úr prósentu þegar hlutfall utanríkisviðskipta af landsframleiðslu hækkaði um eitt prósent. Áhrif myntbandalags á hagvöxt yrðu þannig umtalsverð.

Evrinni var hleypt af stað 1999 og árið 2002 varð hún að eiginlegum gjaldmiðli 12 ríkja. Síðan hafa níu ríki bæst við. Viðskipti milli Evrópusambandslanda með vörur jukust úr um 30% af landsframleiðslu þeirra árið 1999 í um 40% árið 2024. Á sama tíma jukust þjónustuviðskipti landanna úr um 8% af landsframleiðslu í 16%.⁴ En ekki nota öll Evrópusambandslönd evruna og viðskipti landa hafa aukist af ýmsum ástæðum fram á þennan dag, þó að hægt hafi á vextinum eftir fjármálakreppuna 2007-2008. Algengt mat er að evran hafi ein og sér aukið viðskipti landa sem nota hana um 2-6%, en sumir nefna mun hærra tölur. Þetta eru ekki allt ný utanríkisviðskipti, heldur flytjast viðskipti einnig frá öðrum löndum. Fjallað er nánar um áhrif evrunnar á utanríkisviðskipti í svari við spurningu 7 hér á eftir. Margar rannsóknir benda til þess að evra hafi ýtt undir beinar erlendar fjárfestingar á evrusvæðinu og hafa þar háar tölur verið nefndar.⁵

Hagvöxtur hefur verið mikill í löndum Austur-Evrópu sem gengið hafa í Evrópusambandið, en erfitt er að fullyrða um áhrif aðildar á þennan vöxt. Campos, Coricelli og Moretti skoða fjórar stækkunarhrinur Evrópusambandsins: Árið 1973, á níunda áratugnum, 1995 og 2004. Þeir telja að áhrif aðildar á hagsæld séu almennt góð og mikil. Landsframleiðsla á mann og framleiðni hafi aukist í kjölfar aðildar í Írlandi, Bretlandi, Portúgal, Spáni, Austurríki, Eistlandi, Ungverjalandi, Lettlandi, Slóveníu og Litháen. Áhrifin séu minni, en að mestu góð í Finnlandi, Svíþjóð, Póllandi, Tékklandi og Slóvakíu. Í einu landi, Grikklandi, hafi landsframleiðsla á mann og framleiðni verið minni en búast mátti við. Niðurstaða höfunda er að landsframleiðsla á mann hefði að jafnaði verið 10% minni fyrstu tíu ár eftir aðild ef efnahagslegur samruni Evrópuríkja hefði ekki komið til.⁶ Chupilkin, Koczan og

³ Frenkel, Rose, 2002, An Estimate of the Effect of Common Currencies on Trade and Income, The Quarterly Journal of Economics, maí, 2. tbl., 117. árgangur.

⁴ Bernasconi, Cordemans, Gunnella, Ponetti og Quglietti, 2025, What is the untapped potential of the EU Single Market?, ECB Economic Bulletin, útg. European Central Bank, 8. tbl. Sótt af:
https://www.ecb.europa.eu/press/economic-bulletin/articles/2026/html/ecb.ebart202508_01~2e71d52829.en.html

⁵ Talað er um beinar fjárfestingar þegar áhrif fylgja fjárfestingunni (oft er miðað við 10% eignarhlut). Baldwin, DiNino, Fontagné, Santis og Taglioni, 2008, Study on the Impact of the Euro on Trade and Foreign Direct Investment, European Economy, Economic Papers 321, útg. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

⁶ Nauro Capos, Fabrizio Coricelli, Luigi Moretti, 2019, Institutional integration and economic growth in Europe, Journal of Monetary Economics, 103. árg., bls. 88-104.

Plekhanov, 2025, finna veruleg áhrif á hagvöxt hjá mörgum nýjum aðildarlöndum á árunum 1986-2013, en ekki öllum.⁷ Í báðum þessum rannsóknum eru heildaráhrif af aðild metin.⁸

Efnahagsbandalag Evrópu var í upphafi aðallega tollabandalag, en innri markaður sambandsins með sameiginlegum reglum um viðskipti og frjálsum hreyfingum vöru, þjónustu, fjármagns og vinnuafli tók gildi 1993. Lehtimäki og Sondermann, 2022, telja að innri markaður Evrópusambandsins hafi aukið landsframleiðslu á mann í aðildarlöndum um 12-22%. Lítil aðildarlönd hafi hagnast heldur meira en stór.⁹ Sem fyrr segir kom evran til sögunnar á árunum 1999-2002. Rannsóknum ber ekki saman um áhrif hennar á hagvöxt. Dreyer og Schmid (2016) telja að Evrópusambandsaðild hafi örvað hagvöxt aðildarlandanna árin 1999-2012, en þeir greina engin hagvaxtaráhrif af evrunni á sama tíma.¹⁰ Conti, 2014, telur aftur á móti að evra hafi lyft landsframleiðslu á mann á evrusvæðinu um 3-4%.¹¹ Bugamelli, Schivardi og Zizza (2008) segja að framleiðni á evrusvæðinu hafi vaxið mest í þeim geirum sem áður treystu mest á gengislækkanir.¹² En fjármálakreppan, sem hófst 2007, kom illa niður á mörgum evrulöndum, eins og komið verður nánar að síðar í þessum svörum, sérstaklega Grikklandi, Ítalíu, Spáni, Portúgal, Írlandi og Kýpur. Framleiðsla dróst saman um tíma, atvinnuleysi jókst og skera þurfti niður opinber útgjöld til þess að endurreisa traust á ríkissjóðum landanna. Þær raddir heyrðust að slæmt væri að geta ekki lengur leyst vandann á snöggan hátt með gengisfellingu.¹³

⁷ Maxim Chupilkina, Zsoka Koczan og Alesander Plekhanov, 2025, 20 years of EU membership: What explains the accession bonus?, European Bank for Reconstruction and Development. Sótt af: https://www.bing.com/search?q=20%20years%20of%20EU%20membership:%20What%20explains%20the%20accession%20bonus%20?&rlz=1C1GCECH_ZsokaKoczan_AlesanderPlekhanov_2025_20years%20of%20EU%20membership%3A%20What%20explains%20the%20accession%20bonus%3F&FORM=QBPC.

⁸ Nýleg athugun bendir líka til þess að hvarf Breta úr Evrópusambandinu hafi haft umtalsverð, slæm áhrif á breskan efnahag, sjá Bloom, Bunn, Mizen, Smietanka, Thwaites, 2025, The economic impact of Brexit, NBER Working paper series, nr. 34459. Sótt af: <https://www.nber.org/papers/w34459>

⁹ Jonne Lehtimäki og David Sondermann, 2022, Baldwin versus Cecchini revisited: the growth impact of the European Single Market, Empirical Economics, 63. árg., bls. 603-635.

¹⁰ Johannes Kabderian Dreyer, Peter Alfons Schmid, 2016, Does the Euro enhance Economic Growth? EU and EZ Growth following the Introduction of the Euro, Proceedings of the 15th International Conference on Finance and Banking.

¹¹ Maurizio Conti, 2014, Journal of Applied Economics, 17. árg., 2. tbl.

¹² Matteo Bugamelli, Fabiano Schivardi og Roberta Zizza, 2008, The Euro and Firm Restructuring, NBER WP 14454.

¹³ Sjá til dæmis Paul Krugman, 2010, The Making of Euromess, New York Times, blogg, 14. febrúar, en þar segir meðal annars: „If Spain still had its old currency, the peseta, it could remedy that problem quickly through devaluation by, say, reducing the value of a peseta by 20 percent against other European currencies. But Spain no longer has its own money, which means that it can regain competitiveness only through a slow, grinding process of deflation.“

2. Hvaða áhrif gæti ESB aðild, umfram EES haft á vöruverð á Íslandi?

Lönd Evrópusambandsins eru mikilvægustu viðskiptalönd Íslendinga eins og sjá má í Töflu 1 hér á eftir. Danir hafa ekki tekið upp evru, en gengi dönsku krónunnar fylgir gengi evrunnar nokkurn veginn (hámarksfrávik +/2,25%).

Tafla 1. Hlutdeild Evrópusambandslanda og evrusvæðisins í vöruviðskiptum Íslands við önnur lönd 2023-2025

| | Útflutningur | Innflutningur |
|-----------------|--------------|---------------|
| Evrópusambandið | 64% | 46% |
| Evrusvæðið | 58% | 30% |
| Evra+Danmörk | 60% | 37% |

Heimild: Hagstofa Íslands, eigin útreikningar.

Sameiginleg mynt auðveldar verðsamanburð milli Íslands og annarra evrulanda, eins og fram kom í svari við spurningu 1. Einkum eru bundnar vonir við að samkeppni aukist á fjármagnsmarkaði með þátttöku erlendra fyrirtækja á þeim markaði en sameiginlegur gjaldmiðill kann einnig að verða til þess að erlendar verslunarkeðjur sjái tækifæri hér á landi. Æ algengara er að fólk panti föt og fleiri vörur beint frá útlöndum.¹⁴ Einfaldari verðsamanburður með nýjum gjaldmiðli gæti styrkt netverslunina enn og þannig eftt aðhald að innlendu verðlagi. Ekki er ljóst hvað sameiginlegur gjaldmiðill mundi hafa mikil áhrif á vöruverð, en áhrif Evrópusambandsaðildar á búvöruverð eru ljósari. Flytja má búvörur frá öllum löndum sambandsins til annarra aðildarlanda, án tolla og annarra takmarkana. Sumir óttast að kaupmenn hækki álagningu sína við umskiptin, en þegar tollar féllu niður á gúrkum, tómötum og paprikum árið 2002 hafnaði öll gjaldalækkunin í vasa neytenda, að því er best verður séð.¹⁵ Árið 2024 var matur að jafnaði 53,5% dýrari á Íslandi en í meðaltali Evrópusambandsríkja að mati Hagstofu Íslands og Evrópsku hagstofunnar. Í Noregi var maturinn 32,6% dýrari, í Svíþjóð 7,2% og í Finnlandi 10,3%.¹⁶ Muninn má skýra að hluta til með mun á skattheimtu, en Evrópusambandsaðild virðist líka hafa áhrif. Árið 1990 voru matvörur nálægt 60% dýrari á Íslandi, í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi en í meðaltali Evrópusambandsríkja. Tíu árum seinna var matvöruverð í Noregi nálægt 53% yfir Evrópusambandsmeðaltali, á Íslandi um 64%, í Svíþjóð

¹⁴ Metár í erlendra netverslun, frétt á vef Rannsóknarseturs verslunarinnar 6. mars 2026. Sótt af:

<https://www.rsv.is/post/met%C3%A1r-%C3%AD-erlendra-netverslun>. Sjá einnig: Erlend netverslun tvöfaldast milli ára, 2. desember 2025. Sótt af: <https://www.rsv.is/post/erlend-netverslun-tv%C3%B6faldast-%C3%A1-milli-%C3%A1ra>.

¹⁵ Hagfræðistofnun, 2013, Aðlögunarsamningur ríkis og garðyrkjubænda 2002-2012, bls. 13. Sótt af:

<https://ioes.hi.is/files/2021-05/Adlogunarsamningur-rikis-og-gardyrkjubaenda-2002-2012.pdf>

¹⁶ Hagstofa Íslands, Hlutfallslegt verðlag vergrar landsframleiðslu. Sótt af:

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur_visitolur_3_verdsamanburdur_verdsamanburdur/VIS06140.px/table/tableViewLayout2/.

13% og í Finnlandi 21%.¹⁷ Hlutfallslegt verð á matvörum í Finnlandi og Svíþjóð lækkaði um 25-30% á þessum áratug, en á Íslandi og í Noregi hækkaði það ýmist eða lækkaði um nokkur prósent. Freistandi er að tengja muninn því að Finnar og Svíar gengu í Evrópusambandið 1995, en Norðmenn og Íslendingar ekki. Matur er tæp 14% neysluvörusítölunnar um þessar mundir. Ef gert er ráð fyrir að matvöruverð lækki að jafnaði um 25% við Evrópusambandsaðild leiðir það strax til 3½% lækkunar neysluverðs. Vel er hugsanlegt að íslenskir neytendur greiði mismuninn að miklu leyti á annan hátt, til dæmis með skattgreiðslum, sem standa mundu undir sérstökum stuðningi við íslenskan landbúnað, umfram það sem ríkið veitir bændum núna.

Tollar munu ekki aðeins lækka. Íslendingar hafa gert viðskiptasamninga við Kínverja og fleiri þjóðir, marga í gegnum fríverslunarsamtökin EFTA, eins og rakið er í svari við spurningu 7 hér á eftir. Með Evrópusambandsaðild koma ytri tollar þess í stað þeirra kjara sem samið hefur verið um í þessum samningum og má gera ráð fyrir að verð hækki á sumum vörum við breytinguna.

Þótt sameiginleg mynt auki gegnsæi í verðsamanburði milli landa, getur samanburður á verði fyrir umskipti í evru og eftir vafist fyrir sumum. Athuganir Evrópsku hagstofunnar og fleiri benda til þess að upptaka evru hafi ekki haft mikil áhrif á meðaltalsverðlag. En vísbendingar eru um að verð á einstökum vörum eigi til að hækka þegar skipt er yfir í evru og að verð á ódýrum vörum hækki meira en á dýrum. Því geti borgað sig að fylgjast vel með verðlagi þegar umskiptin verða.¹⁸

Verðbólga hefur iðulega verið meiri á Íslandi en í flestum grannlöndum. Verðhækkanir umfram það sem gerist annars staðar valda vandræðum þegar möguleikinn á gengisbreytingum er úr sögunni. Er líklegt að verðbólga haldist enn há hér á landi eftir að evra hefur verið tekin upp? Hvað segir reynsla evrulandanna um þetta? Munur á verðbólgu einstakra landa og meðaltals evrusvæðisins hefur skroppið saman í aðdraganda gjaldmiðilsskiptanna.¹⁹ Samkvæmt Maastricht-skilyrðunum um aðlögun landa að evruaðild má verðbólga í landi, sem tekur upp evru, ekki vera meira en 1½% yfir meðaltali þeirra þriggja Evrópusambandslanda þar sem hún var minnst árið á undan. Þá mega vextir á tíu ára óverðtryggðum ríkisbréfum ekki vera meir en 2% yfir meðalvöxtum þessara sömu þriggja landa. Vextirnir endurspeglar meðal annars væntingar um verðbólgu. Þessi tvö skilyrði draga úr líkum á að verðbólga í inngönguríkjum víki langt frá meðalverðbólgu á evrusvæðinu. Almennt hefur verðlag hækkað mest í fátækustu löndum evrusvæðisins, en þar hefur hagvöxtur verið mestur og

¹⁷ Hagfræðistofnun, 2009, Íslensk bú í finnsku umhverfi. Sótt af: <https://ioes.hi.is/files/2021-05/Isensk-bu-i-finnsku-umhverfi.pdf>

¹⁸ Wioletta Dziuda og Giovanni Mastrobuoni, 2009, The Euro Changeover and Its Effects on Price Transparency and Inflation, *Journal of Money, Credit and Banking*, 41. árg., 1. tbl.

¹⁹ Barbara Meller, Dieter Nautz, 2012, Inflation persistence in the Euro area before and after the European Monetary Union, *Economic Modelling*, 29. árg. bls. 1170-1176.


framleiðni aukist mest. Hagfræðingarnir Balassa og Samuelson skýra þetta þannig: Í fátækum löndum er framleiðni í iðnaði minni en í ríkum löndum. Hlutfallslegt verðlag landa (raungengi) ræðst af þessum mun, því að meira er verslað með iðnvarning en aðrar vörur milli landa. En minna munar á framleiðni í þjónustu, sem síður er verslað með frá einu landi til annars. Þess vegna er verðlag að meðaltali lægra í fátækum löndum en ríkum. Þetta kannast margir ferðalangar við. En þegar framleiðni eykst í iðnaði í fátækum löndum minnkar munur á verðlagi þar og í ríku löndunum.²⁰ Í auðugri löndum evrusvæðisins hefur verðlag víða lækkað miðað við meðaltal svæðisins, en í Hollandi, Belgíu og Austurríki hækkaði það um 5-10% frá aldamótum til 2025. Aðlögunin hefur reynst sumum löndum erfið. Til dæmis hækkaði verðlag um tíma hraðar í nokkrum löndum í sunnanverðri Evrópu en í öðrum löndum evrusvæðisins.²¹

²⁰ Sjá: Tasos Stylianou, 2023, Inflation Differentials among European Monetary Union Countries: An Empirical Evaluation with Structural Breaks, National Institute Economic Review, 1. töl. bls. 91-109.

²¹ Evrópska hagstofan, Eurostat, Real effective exchange rate-euro area trading partners, eigin útreikningar.

3 Hvaða áhrif gæti ESB aðild og upptaka á evru haft á vaxta- og lánakjör heimila og fyrirtækja?

Sem fyrr segir er eitt af skilyrðunum fyrir upptöku evru að vextir á ríkistryggðum langtímalánum séu ekki meira en 2% hærra en í þeim þrem löndum þar sem verðbólga var minnst árið á undan. Mjög litlu munaði á vöxtum á evrusvæðinu fyrstu árin. En upp úr fjármálakreppunni 2007-2008 hófust skuldavandræði nokkurra evruríkja. Vextir á ríkisbréfum Grikkja, Portúgala og Íra hækkuðu mikið og héldust háir næstu ár. Nokkur undanfarin ár hefur aftur munað litlu á vöxtum ríkisbréfa til langs tíma á evrusvæðinu. Nokkru munaði einnig á vöxtum á lánum til húsnæðiskaupa frá einu landi til annars meðan á evrukreppunni stóð, en ekki nærri jafnmiklu og á skuldum ríkissjóða. Munurinn hefur minnkað aftur seinni árin eins og sjá má Mynd 1 hér á eftir.



Mynd 1. Nafnvextir óverðtryggðra húsnæðislána á Íslandi (ferlarnir fjórir ofarlega á myndinni) og á evrusvæðinu í prósentum árin 2001-2025. Heimildir: Seðlabanki Evrópu, ECB Data Portal, Cost of borrowing for households for house purchase, Seðlabanki Íslands, Hagvísar.

Vextir á húsnæðislánum á evrusvæðinu gefa hugmynd um þau vaxtakjör sem gætu verið í boði hér á landi ef Íslendingar tækju upp evru. Mynd 1 sýnir kjör á lánum til húsnæðiskaupa í þeim löndum sem tóku þátt í evrusamstarfinu frá upphafi, eða um það bil (Grikkir gengu í samstarfið árið 2001).

Vextir á lánnum til húsnæðisakaupa í Grikklandi eru sýndir með þykkri blárri línu á myndinni. Þeir eru oftast í hærri kantinum miðað við það sem gerist á evrusvæðinu, en ekki verður sagt að þeir skeri sig úr. Til samanburðar sýnir myndin vexti á óverðtryggðum húsnæðislánnum íslenskra banka og lífeyrissjóða. Þau hafa verið í boði frá 2010. Hafa verður fyrirvara á samanburðinum, því að upplýsingarnar eru úr tveim áttum og einhverju getur munað í meðferð talnanna. Þá verður að hafa í huga að horft er á nafnvexti en ekki raunvexti. Verðbólga samkvæmt samræmdri vísitölu var að jafnaði um hálfu prósentu meiri á Íslandi en á evrusvæðinu á árunum 2010-2020, en tæpu einu prósentu hærri að jafnaði 2020-2025.²² Hér hefur húsnæðiskostnaður lítið vægi, en hann hefur hækkað mikið á Íslandi undanfarin ár.

Ef vextir á húsnæðislánnum lækka hér á landi með nýjum gjaldmiðli má gera ráð fyrir að verð á húsnæði hækki, að minnsta kosti fyrst um sinn. En þegar frá líður mun húsnæðisverð að líkindum fyrst og fremst endurspeglar byggingarkostnað og verð á lóðum.

Frá því að íslenskar lánastofnanir fóru að bjóða óverðtryggð húsnæðislán hafa vextir alltaf verið hærri hér en á evrusvæðinu, en munurinn er mismikill. Litlu munaði á vöxtum hér á landi og á evrusvæðinu árið 2011 og fram á 2012 og aftur frá seinni hluta árs 2020 fram á 2022. Seinustu árin hefur munurinn aukist aftur. Í febrúar 2026 voru vextir á óverðtryggðum lánnum til húsnæðisakaupa á evrusvæðinu að jafnaði 2,8-3,8% í hverju landi sem skoðað er á Mynd 1 en á Íslandi voru vextir á óverðtryggðum húsnæðislánnum þá 8,6-9,8%. Munurinn er meiri en oft áður. Það stafar sennilega af því að nú er búist við meiri verðbólgu á Íslandi en á evrusvæðinu.


Mynd 2 hér á eftir sýnir lánakostnað fyrirtækja í sömu evrulöndum og skoðuð eru á Mynd 1. Jafnframt sýnir myndin meðalvexti íslensku viðskiptabankanna á óverðtryggðum útlánnum, en ætla má að stór hluti þeirra renni til fyrirtækja.

Hafa verður svipaða fyrirvara á samanburðinum og áður. Tölurnar eru úr tveim áttum og óvíst er að lánakostnaður sé reiknaður á sama hátt. Horft er á nafnvexti en ekki raunvexti, en verðbólga er að jafnaði meiri hér á landi en á evrusvæðinu. Lengst af hafa vextir verið hærri á Íslandi en í evrulöndunum, en á árunum 2010-2020 munaði oft ekki miklu á útlánsvöxtum íslenskra viðskiptabanka og á lánakostnaði fyrirtækja í Grikklandi. En í febrúar 2026 var munurinn aftur töluverður, enda búist við meiri verðhækkunum hér á næstunni. Þá var lánakostnaður fyrirtækja í evrulöndunum 3,0-4,7% en útlánsvextir íslenskra viðskiptabanka að meðaltali 9,9%.

²² Evrópska hagstofan, Eurostat, HICP-annual data, eigin útreikningar.

Munur á vöxtum hér og á evrusvæðinu kann að eiga sér fleiri skýringar en misháar verðbólguvæntingar. Þar á meðal gæti verið dýrt fjármálakerfi miðað við grannlöndin og minni samkeppni en þar, háir skatta á íslenskar fjármálastofnanir og miklar eiginfjárkröfur.²³

Ekki má gleyma því að hér er aðeins horft á lánakjör skuldara, en ekki kjör sparifjáreigenda.



Mynd 2. Útlánsvextir íslenskra viðskiptabanka á óverðtryggðum lánunum og lánakostnaður fyrirtækja á evrusvæðinu árin 2001-2025 í prósentum. Heimildir: Seðlabanki Evrópu, ECB Data Portal, Cost of borrowing for corporations, Seðlabanki Íslands, Hagvísar.

²³ Sjá t.d. Gunnar Haraldsson, 2024, Þjóðhagsleg áhrif og rekstrahverfi fjármálageirans á Íslandi, útg. Intellecton. Sótt af: https://cdn.prod.website-files.com/65fc13cc50cee9777b2fd110/6735ee063094883093170181_%C3%9Ej%C3%B3%C3%B0hagsleg%C3%A1hrifSk%C3%BDrslIntellecton.pdf

4. Hvaða áhrif hefði aðild að ESB og upptaka evru á eftirspurn á vinnuafli og arðsemi fyrirtækja á Íslandi?

Eftirspurn eftir vinnuafli er afleidd eftirspurn, þ.e. hún ræðst af almennri eftirspurn í hagkerfinu eftir vörum og þjónustu sem annað hvort eru framleiddar í viðkomandi landi eða annars staðar og þá keypt þaðan. Þetta á einkum við um vörur því að þjónustu getur oft og tíðum verið erfitt að flytja á milli landa.

Almenn eftirspurn innanlands ræðst svo á hinn bóginn af þáttum eins og einkaneyslu, vöxtum og verðbólgu og verðlagi, en einnig skipta máli þættir svo sem stefna í opinberum fjármálum og breyting á fjölskiptum. Í haglíkani Seðlabanka Íslands er eftirspurn útlendinga eftir íslenskum vörum skipt í útflutning á áli, sjávarvörum, skipum og flugvélum og útflutning á öðrum vörum. Útflutningur á áli, sjávarvörum og skipum og flugvélum er látinn vera ytri stærð, en útflutningur á öðrum vörum ræðst af útflutningsverði, gengi íslensku krónunnar og verðlagi í útlöndum.²⁴ Af þessu má sjá að fjölmargir þættir hafa bein og óbein áhrif á eftirspurn eftir vinnuafli.


Gangi Ísland í Evrópusambandið og taki upp evru mun gengi íslensku krónunnar ekki lengur hafa nein áhrif á eftirspurn eftir íslensku vinnuafli. Viðskiptakostnaður lækkar þegar Ísland tekur upp evru og óvissa vegna gengisflöks eða spákaupmennsku verður minni. Viðskipti við útlönd munu því aukast, að öðru óbreyttu (sjá einnig svar við 7. spurningu), og um leið eykst eftirspurn eftir vinnuafli í útflutningshluta hagkerfisins. Ef vextir og fjármagnskostnaður lækka má einnig gera ráð fyrir að fjárfestingar aukist og það gæti ýtt undir eftirspurn eftir vinnuafli.

Þróunin gæti orðið önnur í atvinnugreinum sem í dag þurfa ekki að keppa við innflutning en gætu búið við harðari samkeppni eftir upptöku evru og jafnvel farið hálloka. Í þeim hluta hagkerfisins gæti eftirspurn eftir vinnuafli þá dregist saman. Vinnuafli í hagkerfinu í heild gæti því færst á milli geira og heildaráhrifin gætu þá ráðist af því hve auðveldlega íslenski vinnumarkaðurinn lagaði sig að þeim breyttu aðstæðum.

Langt fram eftir 20. öld réðst gangur íslensks efnahagslífs að mestu leyti af því hvernig áraði í sjávarútvegi. Í góðærum var uppgangur en þegar afli brást eða verð féll á erlendum mörkuðum reið samdráttur eða kreppa yfir hagkerfið. Eftir því sem útflutningi hefur vaxið fiskur um hrygg hefur

²⁴ Ásgeir Daníelsson, Lúdvík Elíasson, Magnús F. Guðmundsson, Svava J. Haraldsdóttir, Lilja S. Kro, Þórarinn G. Pétursson og Þorsteinn S. Sveinsson (2019). *QMM A Quarterly Macroeconomic Model of the Icelandic Economy*. Version 4.0. Central Bank of Iceland Working Paper No. 82. <https://cb.is/library/?itemid=c346271f-9049-11ea-911f-005056bc3d8f>

vægi sjávarútvegs farið minnkandi og íslenska hagkerfið gengur nú í betri takt við hagkerfi helstu landa í Evrópu. Á Mynd 3 getur að líta hagvöxt á Íslandi og á evrusvæðinu árin 2014-2025. Að jafnaði var hagvöxtur á Íslandi 2,8% á þessum árum en 1,5% á evrusvæðinu. Glögglega má sjá áhrif Covid-19 kreppunnar, en einnig kemur berlega fram að sveiflur í hagvexti á Íslandi voru meiri á þessu tímabili en á evrusvæðinu, enda var staðalfrávik hagvaxtar á Íslandi á þessum árum 4,0 en 2,8 á evrusvæðinu.



Mynd 3. Hagvöxtur á Íslandi og hjá löndum á evrusvæðinu 2014-2025. Hlutfallsleg breyting á vergri landsframleiðslu frá fyrra ári. Heimild: Eurostat.

Enda þótt gera megi ráð fyrir að íslenska hagsveiflan verði með tímanum svipaðri þeirri evrópsku ef Ísland tekur upp evru getur sú staða komið upp að erfiðleikar steðji að íslenska hagkerfinu á sama tíma og betur árar hjá öðrum evrulöndum. Við þær aðstæður myndi stefna Seðlabanka Evrópu ekki taka mið af íslenskum aðstæðum og þar sem ekki væri lengur hægt að milda þessi áhrif á íslenskt efnahagslíf með gengisbreytingum þyrfti vinnumarkaðurinn að laga sig að breyttum veruleika og minni eftirspurn. Sú aðlögun gæti komið fram sem aukið atvinnuleysi, minni atvinnuþátttaka, launalækkanir eða flutningur á vinnuafli á milli landa. Aðlögunin gæti einnig falið í sér að vinnuafli færðist til á milli atvinnugreina og hún gæti einnig kallað á inngríp ríkisvaldsins. Hér reynir líka á það hvernig vinnumarkaðssamtök bregðast við breyttum aðstæðum og hvernig miðlægum kjarasamningum verður háttað.

Til lengri tíma ráðast því áhrifin á íslenskan vinnumarkað af því hvort vegur þyngra, sú aukna eftirspurn sem gera má ráð fyrir að fylgi auknum viðskiptum við útlönd og fjárfestingu, eða sú aðlögun sem þarf að eiga sér stað á vinnumarkaði að breyttum þjóðhagslegum aðstæðum þegar Ísland ræður ekki lengur yfir sjálfstæðri mynt.

Áhrifin á fyrirtæki ráðast að verulegu leyti af því hvort þau starfa í þeim hluta hagkerfisins þar sem uppgangur verður í kjölfar þess að Ísland tekur upp evru, eða í hinum hlutanum þar sem samkeppni eykst við útlönd. Gera má ráð fyrir að arðsemi fyrirtækja batni þegar umsvif þeirra aukast, ekki hvað síst ef þau geta betur nýtt sér hugsanlega stærðarhagkvæmni eða breiddarhagkvæmni af því að framleiða vörur fyrir stærri markað en áður. Hins vegar getur arðsemi dregist saman hjá þeim fyrirtækjum sem verða að glíma við aukna samkeppni frá útlöndum.

5. Hvernig valmöguleikar ríkisvaldsins til að mæta hagsveiflum myndu breytast við inngöngu í ESB.

Helstu tækin sem hið opinbera hefur til þess að mæta hagsveiflum eru fjármál ríkis og sveitarfélaga og peningastefna Seðlabankans. Fjármálastefnan snýst um að beita opinberum útgjöldum og sköttum til að hafa áhrif á heildareftirspurn í þjóðfélaginu. Útgjöld hins opinbera skapa eftirspurn eftir vörum og þjónustu og dreifa fjármunum til fólks sem notar þá til neyslu og fjárfestinga. Á móti eru peningar teknir frá fólki með sköttum, sem hefur þá minna til ráðstöfunar í neyslu og fjárfestingar.

Peningastefna Seðlabankans snýst hins vegar um að halda verðbólgu stöðugri og fyrirsjáanlegri, en stefnt er að 2½% verðbólgu á ári. Helsta stjórn tæki bankans eru vextir hans í viðskiptum við önnur fjármálafyrirtæki.²⁵ Þegar meginvextir Seðlabanka hækka dregur úr fjárfestingu og neyslu, að öðru jöfnu, en sparnaður eykst. Eftirspurn eykst eftir krónum á gjaldeyrismarkaði og gengi hennar hækkar. Eftirspurn minnkar eftir íslenskum vörum og þjónustu.

Peningastefnan er að ýmsu leyti fljótverkari og markvissari en fjármálastefnan. Ekki verður samt sagt að áhrif peningastefnunnar komi mjög fljótt fram. Rannsóknir Seðlabankans benda til þess að vaxtahækkun bankans hafi mest áhrif á efnahagssumsvif eftir liðlega eitt ár. Áhrif á verðbólgu náí að jafnaði hámarki eftir rúm tvö ár. Íslenskt hagkerfi er að ýmsu leyti sérstætt. Til dæmis er meira um að fjárskuldbindingar séu verðtryggðar en annars staðar. Samt er það mat bankans að breytingar á vöxtum hans séu álíka lengi að hrífa og hafi álíka mikil áhrif og gerist í öðrum löndum.²⁶

Möguleikum ríkisvaldsins til þess að bregðast við hagsveiflum fækkar ekki við það eitt að Ísland gangi í Evrópusambandið, en ætlast er til þess að fyrr eða síðar skipti landið um gjaldmiðil og taki upp evru. Engin tímamörk eru sett um það, svo að séð verði. En eftir að evra er orðin gjaldmiðill á Íslandi verður peningastefnan ekki lengur ákveðin hér á landi. Ákvarðanir um stýrivexti verða teknar af Evrópska seðlabankanum og þær ráðst ekki af séríslenskum aðstæðum.

Sem fyrr segir líður langur tími frá því að meginvextir Seðlabanka breytast þar til breytingin hefur mest áhrif á framleiðslu og verðbólgu. En hagstjórn með opinberum fjármálum er þyngri í vöfum en peningastefnan, ef eitthvað er. Enn erfiðara er að fínstýra hagkerfinu með því að beita fjármálum hins opinbera. Opinber fjármálastefna getur því aðeins að litlu leyti komið í stað peningastefnunnar. En mistök í opinberum fjármálum hafa verri afleiðingar þegar ekki er lengur hægt að bregðast við með breyttum vöxtum eða gengi. Því skiptir meira máli að sýna aga og halda hallarekstri og

²⁵ Peningastefna, grein á heimasíðu Seðlabankans, sótt af https://sedlabanki.is/peningastefna/?utm_source=chatgpt.com

²⁶ Hvernig hefur peningastefnan áhrif á þjóðarbúskapinn? Af heimasíðu Seðlabankans. Sótt af: <https://sedlabanki.is/library?itemid=a51bdb54-eb85-4038-93bd-6d5fdc66f7b3&type=pdf>

skuldahlutfalli undir heilbrigðum mörkum. Evrópusambandið lætur sig varða að evruríkin sýni þennan aga. Sambandið fylgist með áætlunum og framkvæmd í ríkisfjármálum og veitir þeim aðhald og ráð sem ekki ná settum markmiðum.²⁷ Almennir kjarasamningar geta líka valdið meiri skaða þegar ekki verður lengur hægt að endurheimta samkeppnishæfni atvinnulífsins á skjótan hátt með gengisbreytingum. Í þessu sambandi hefur verið bent á norræna samningalíkanið sem fyrirmynd um festu og ábyrgð á vinnumarkaði.²⁸

Ein leið til þess að draga úr áhrifum af hagsveiflum við fast gengi er að koma upp öflugum sveiflujöfnunarsjóði, sem kæmi meðal annars í stað gjaldeyrisvarasjóðs Seðlabankans. Hugmyndin er ekki ný. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins varð til með lögum árið 1969.²⁹ Fjármála- og efnahagsráðherra lagði frumvarp um Þjóðarsjóð fyrir þing 2019-2020, en markmið hans var „að treysta fjárhagslegan styrk ríkissjóðs til að mæta afleiðingum af meiri háttar ófyrirséðum áföllum sem þjóðarbúið verður fyrir.“ Þangað skyldu renna tekjur ríkisins af orkufyrirtækjum. Hann yrði aðeins ávaxtaður erlendis.³⁰ Fyrirmyndin virðist einkum vera norsk olúsjóðurinn. Frumvarpið varð ekki að lögum. Öflugir lífeyrissjóðir, sem Íslendingar og fleiri þjóðir hafa komið sér upp, vinna líka gegn hagsveiflum, að minnsta kosti að því leyti sem þeir eru ávaxtaðir erlendis. Vandí sveiflujöfnunarsjóða er einkum tvenns konar. Annars vegar getur verið erfitt verið að sannfæra menn um nauðsyn þess að leggja fé til hliðar þegar allt gengur vel og hins vegar vefst fyrir mönnum að búa til skýr viðmið um það hvernig eigi að nýta sjóðina. En norsk olúsjóðurinn og lífeyrissjóðir Íslendinga og fleiri þjóða eru dæmi um vel heppnaða sjóðsöfnun.

²⁷ https://economy-finance.ec.europa.eu/economic-governance-framework/what-economic-governance-framework_en

²⁸ Steinar Holden, 2019, „A new model for wage formation in Iceland“, www.econstor.eu.

²⁹ Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 72/1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, greinargerð. Sótt af: <https://www.althingi.is/altext/111/s/0503.html>

³⁰ Frumvarp til laga um Þjóðarsjóð, lagt fram af fjármála- og efnahagsráðherra, þingskjal 261. Sótt af: <https://www.althingi.is/altext/150/s/0261.html>

6. Hvernig mun aðild að ESB hafa áhrif á tekjur lífeyrissjóðsþega á Íslandi?



Fjármagnshreyfingar milli Íslands og annarra landa eru nú að mestu frjálsar, en lög um lífeyrissjóði setja erlendum fjárfestingum þeirra skorður: „[L]ífeyrissjóður [skal] fram til ársins 2024 tryggja að að lágmarki 50% af heildareignum sjóðsins séu í sama gjaldmiðli og skuldbindingar hans. Hinn 1. janúar 2024 lækkar það lágmark í 48,5% og um 1,5 prósentustig 1. janúar ár hvert til 1. janúar 2027. Eftir það lækkar lágmarkið um eitt prósentustig 1. janúar ár hvert þar til það nær 35% 1. janúar 2036...“ Sjóðirnir geta notað afleiður, sem draga úr gjaldmiðlaáhættu, til þess að standast þetta skilyrði.³¹ Skuldbindingar íslenskra lífeyrissjóða eru í krónum. Árið 2026 skulu því að minnsta kosti 45,5% eigna þeirra vera í krónum, nema sérstakar áhættutryggingar komi á móti. Lykilatriði í rekstri sjóða er að eignir þeirra séu fjölbreyttar. Þá minnka líkur á að stór hluti þeirra falli í verði á sama tíma. Þetta eru rök fyrir því að eignir sjóðanna séu dreifðar um heiminn. Á móti kemur til dæmis áhætta sem fylgir því að færa þarf eignir úr öðrum gjaldmiðlum yfir í krónur þegar lífeyririnn er greiddur út. Þá gæti gengi evru, bandaríkjadals og annarra erlendra gjaldmiðla verið lágt miðað við krónu, þannig að minna fengist af vörum og þjónustu á Íslandi fyrir lífeyririnn en ella. Gjaldeyrishættan og skorður á fjárfestingum lífeyrissjóða, sem áður var lýst, verða til þess að eignir sjóðanna eru ekki eins dreifðar og annars væri. Nú í febrúar voru 59% eigna íslenskra lífeyrissjóða innlendar, samkvæmt yfirliti Seðlabankans.³² Íslensk hlutabréf og hlutdeildarskírteini voru um 15½% allra eigna sjóðanna. Það hlýtur að auka hættu í rekstri sjóðanna að svo stór hluti fjárfestinga þeirra sé bundinn við svo lítinn hluta eignamarkaða heimsins. Ef Íslendingar taka upp evru stækkar heimamarkaður lífeyrissjóðanna, þar sem ekki þarf að hafa áhyggjur af gjaldeyrishættu, nálægt því 500-falt. Von um ávöxtun, að gefinni áhættu, ætti að vera meiri á öllu evrusvæðinu en á Íslandi.

Á móti má spyrja hvort íslenskir lífeyrissjóðir missi ekki góðan fjárfestingarkost á krónumarkaði, þar sem vextir hafa lengi verið háir. Mynd 4 hér á eftir sýnir nafnvexti á um það bil tíu ára óverðtryggðum ríkisbréfum á Íslandi og á evrusvæðinu frá aldarbyrjun til 2025. Ríkisbréf hafa verið talin til öruggustu eigna, þótt á því séu undantekningar. Vextir þeirra endurspeglar allajafna fyrst og fremst væntingar um verðbólgu. Sjá má á myndinni að vextir á íslenskum ríkisbréfum hafa lengst af verið hærri en á bréfum evruríkja, þótt það hafi breyst á tíma evrukreppunnar þegar margir efuðust um greiðslugetu ríkissjóða nokkurra evruríkja. Síðustu árin hefur aftur munað litlu á vöxtum á ríkisbréfum evrulandanna. Árið 2001 voru vextir á tíu ára ríkisbréfum á evrusvæðinu 4,8-5,3% en á Íslandi 9,1%. Horfum í bili framhjá gjaldeyrishættu og lítum aðeins á vexti umfram verðbólgu á Íslandi og á evrusvæðinu. Verðbólga á evrusvæðinu var mjög nálægt 2% næstu tíu árin en 5,8% á

³¹ Lög um skyldutryggingu lífeyriréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129 frá 1997, með síðari tíma breytingum, grein 36 d.

³² Seðlabanki Íslands: Líf_balance_sheet_total, sótt af: <https://gagnabanki.is/report/pension>

Íslandi, mæld á sama mælikvarða.³³ Raunvextir evrubréfanna eru 2,6-3,1% á árunum 2001-2010, en íslensku bréfanna 3,1%. Fjárfestar mundu að líkindum setja hærra álag á íslensk bréf vegna óvissu um verðbólgu hér. Árið 2025 voru vextir á tíu ára óverðtryggðum ríkisbréfum evrulandanna sem hér eru skoðuð 2,6-3,6% en á íslenskum ríkisbréfum til tíu ára 6,7%. Munurinn er 3-4%. Eins og áður hefur komið fram í þessum svörum er búist við meiri verðbólgu á Íslandi en á evrusvæðinu næstu ár, en munurinn er ekki mikill þegar horft er til tíu ára. Samkvæmt yfirliti Seðlabankans gerðu markaðsaðilar ráð fyrir því á fyrsta fjórðungi árs 2026 að verðbólga yrði að meðaltali 3% næstu tíu ár.³⁴ Evrópski seðlabankinn stefnir að 2% verðbólgu og væntingar á markaði eru ekki langt frá því næstu fimm árin að minnsta kosti.³⁵ Sumir mundu túlka þetta þannig að von um raunávöxtun krónubréfa sé meiri en í evrubréfum um þessar mundir, en á móti kemur að óvissa um verðbólgu á Íslandi er sennilega meiri. Þá má minna á að þeir sem njóta vaxtanna af ríkisbréfum munu líklega einnig greiða þá að miklu leyti á næstu árum í formi skatta.



Mynd 4. Vextir á um það bil tíu ára óverðtryggðum ríkisbréfum á Íslandi og á evrusvæðinu árin 2000-2025. Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagvísar, Evrópska hagstofan, Eurostat, EMU convergence criterion series – annual data.

³³ Evrópska hagstofan, Eurostat, HICP – annual data, nær til aðeins stærra svæðis seinni árin en hér er horft á. Eigin útreikningar. Hér hefur húsnæðiskostnaður lítið vægi.

³⁴ Seðlabanki Íslands, Verðbólguvæntingar á mismunandi mælikvarða. Sótt af:

<https://sedlabanki.is/peningastefna/verdbolguvaentingar-a-mismunandi-maelikvarda/>

³⁵ Banque de France, The Anchoring of Inflation Expectations in the Euro Area. Sótt af: https://www.banque-france.fr/en/publications-and-statistics/publications/anchoring-inflation-expectations-euro-area?utm_source=chatgpt.com

7. Myndi aðild að ESB breyta samsetningu á vöruviðskiptum (inn- og útflutningur) á milli Íslands og annarra landa?

Evrópska myntbandalaginu var komið á í ársbyrjun 1999. Í upphafi voru 11 lönd í bandalaginu; Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Holland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn og Þýskaland, en nú eru aðildarlöndin 21.

Innan svæða þar sem tekin er upp sameiginleg mynt, svo sem á evrusvæðinu, má gera ráð fyrir að viðskipti milli landa innan svæðisins aukist og að viðskipti beinist í auknum mæli til þessara landa og þá frá öðrum löndum sem eru utan svæðisins. Ástæða þessa er einkum sú, að þegar lönd gefa eigin mynt upp á bátinn og taka í staðinn upp sameiginlega mynt minnkar viðskiptakostnaður, þ.e. sá kostnaður sem fylgir því að þurfa að burðast með ólíkar myntir í viðskiptum á milli landa. Ekki þarf heldur að hafa áhyggjur af gengisflökki ólíkra mynta eða breytingum á gengi þeirra og spákaupmenn geta einnig síður haft áhrif á gengi öflugss gjaldmiðils en gengi smærri gjaldmiðla (Rose, 2000).³⁶ Gera má ráð fyrir að áhrifin á viðskipti verði þeim mun meiri sem löndin, sem í hlut eiga, eru líkari hvert öðru og hreyfanleiki vinnuafls og fjármuna sé mikill, þannig að auðvelt sé fyrir fólk að færa sig á milli landa og fyrir fyrirtæki að fjárfesta í ólíkum löndum innan myntsvæðisins (Mundell, 1961).³⁷ Við þessar aðstæður má gera ráð fyrir að myntbandalagið ýti undir sérhæfingu landanna og geri þeim fært að nýta betur þá hlutfallslegu yfirburði sem þau búa yfir. Nýleg kenning bendir einnig á að vegna þess að myntbandalagið svipti ríki möguleika á að fella gengi gjaldmiðils síns og þar með rýra verðgildi erlendra skulda í innlendri mynt, geti viðskiptakostnaður við erlendar lántökur lækkað. Þar með aukist fjárfestingar í öðrum löndum og viðskipti milli þeirra (Fornaro, 2022).³⁸

Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum evrópska myntbandalagsins á milliríkja viðskipti (Glick & Rose, 2016; Rose, 2017; Polák, 2019).³⁹ Athuganir Glick og Rose frá 2016 og Rose frá

³⁶ Rose, A. K. (2000). One money, one market: The effect of common currencies on trade. *Economic Policy*, 15(30), 7–46. <https://doi.org/10.1111/1468-0327.00056>

³⁷ Mundell, R. A. (1961). A theory of optimum currency areas. *The American Economic Review*, 51(4), 657–665.

³⁸ Fornaro, L. (2022). A Theory of Monetary Union and Financial Integration. *The Review of Economic Studies*, 89(4), 1911–1947. <https://doi.org/10.1093/RESTUD/RDAB057>

³⁹ Glick, R., & Rose, A. K. (2016). Currency unions and trade: A post-EMU reassessment. *European Economic Review*, 87, 78–91. <https://doi.org/10.1016/j.EUROECOREV.2016.03.010>, Rose, A. K. (2017). Why do Estimates of the EMU Effect on Trade Vary so Much? *Open Economies Review*, 28(1), 1–18. <https://doi.org>, Polák, P. (2019). THE EURO'S TRADE EFFECT: A META-ANALYSIS. *Journal of Economic Surveys*, 33(1), 101–124.

<https://doi.org/10.1111/JOES.12264;WEBSITE:WEBSITE:PERICLES;ISSUE:ISSUE:DOI>

2017 gefa til kynna að frá upphafi og til ársins 2013 hafi myntbandalagið aukið viðskipti bandalagslandanna 11 sem tóku upp evru árið 1999 um 50-54% (Glick & Rose, 2016; Rose, 2017). Polák (2018) telur áhrifin aftur á móti hafa verið miklu minni, eða 2-6% á milli hverra landapara, þ.e. landa sem eiga í gagnkvæmum viðskiptum.

Í nýlegri rannsókn er bent á að þessi áhrif eru afar ólík á milli landa (Aytug, 2026).⁴⁰ Áhrifin af því að taka upp evru eru skoðuð sérstaklega fyrir ákveðin pör af löndum þar sem metið er hversu mikið viðskipti hafa aukist á milli þeirra. Niðurstöðurnar sýna að viðskipti á milli Frakklands og Ítalíu jukust um 79% til ársins 2015 og um 78% hjá hverjum af þessum landapörum: Ítalía-Þýskaland, Belgía-Þýskaland, Austurríki-Þýskaland og Frakkland-Þýskaland. Viðskipti á milli annarra landa drógust hins vegar saman. Þannig minnkuðu viðskipti Grikklands og Portúgals um 15% og viðskipti minnkuðu einnig milli Finnlands og Portúgals. Í heildina jukust viðskipti við önnur evrulönd mest hjá Lúxemborg, eða um 69%, um 50% hjá Þýskalandi og 47% hjá Belgíu og Hollandi. Minnst jukust þau hjá Grikklandi, eða um 10%. Við stofnun myntsvæðis geta viðskipti aukist bæði vegna þess að fyrirtæki sem voru áður að flytja út vörur auka útflutning sinn, eða vegna þess að ný fyrirtæki taka að flytja út vörur (Baldwin, 2006).⁴¹ Niðurstöður Aytug (2026) benda til þess að aukin viðskipti megi einkum rekja til þess að útflutningur aukist hjá fyrirtækjum sem voru þegar í útflutningi. Þessi fyrirtæki nýttu sér lægri viðskiptakostnað með því að auka umsvif sín og þurftu ekki að leggja í ný útgjöld til að koma sér inn á markaðinn. Jafnvel þótt kostnaður við milliríkjaviðskipti lækki með upptöku sameiginlegrar myntar er ekki víst að sú lækkun dugi til að vega upp þann kostnað sem fylgir því að hasla sér völl á nýjum markaði.

Í greiningu Aytug (2026) er einnig metið hvernig milliríkjaviðskipti Svíþjóðar, Danmerkur og Bretlands hefðu þróast ef þessi lönd hefðu öll tekið upp evru árið 1999. Þessi lönd hafa sinn sjálfstæða gjaldmiðil, en danska krónan er þó bundin evru. Sú greining leiðir í ljós að viðskipti Bretlands við evrulöndin 11 hefðu verið 33% meiri á árunum 1999-2015, viðskipti Svía 22% meiri og viðskipti Dana 19% meiri. Bretar hefðu aukið viðskipti sín gagnvart öllum evrulöndunum, Svíar við átta en Danir við fimm. Greiningin leiðir einnig í ljós að viðskiptaaukningin er mest þegar sjálfstæð mynt er veruleg hindrun og viðskiptakostnaður mikill. Þetta á ekki endilega við um þau evrulönd sem lönd utan myntsvæðisins eiga mest viðskipti við því að þar er þessi viðskiptakostnaður orðinn tiltölulega lítill vegna þeirrar reynslu og þekkingar sem aðilar hafa byggt upp með viðskiptum sínum.

⁴⁰ Aytug, H. (2026). *To Adopt or Not to Adopt: Heterogeneous Trade Effects of the Euro* (2601.19664; ArXiv.Org). <https://doi.org/10.2139/SSRN.6211286>

⁴¹ Baldwin, R. (2006). *The euro's trade effects* (594; ECB Working Paper Series). http://ssrn.com/abstract_id=886260

Í dag er 21 land í myntbandalagi Evrópu og hefur tekið upp evru. Í Töflu 2 hér á eftir er sýnt hver vöruútflutningur Íslendinga var til sérhvers þessara landa á árinu 2025. Um er að ræða heildarútflutning á vörum í milljónum kr. Glögglega má sjá að viðskipti við sum þessara landa eru lítil sem engin og má þar nefna Króatíu og Slóveníu en þangað voru fluttar út vörur þetta ár fyrir 42-55 milljónir kr. (með flutningskostnaði, e. cif). Viðskipti við Holland námu 317,5 milljörðum kr. en oft er Holland ekki endanlegur ákvörðunarstaður þeirrar vöru sem þangað er flutt heldur eingöngu umskipunarland. Til Portúgals og Litháens voru fluttar út vörur fyrir um 24 milljarða og útflutningur til Þýskalands, Spánnar og Frakklands var á bilinu 40-67 milljarðar kr.

Tafla 2. Vöruútflutningur Íslendinga 2025 í milljónum króna, með flutningskostnaði (e. cif).

| | | | |
|------------|-------|-----------|---------|
| Króatía | 42 | Finnland | 1.930 |
| Slóvenía | 55 | Slóvakía | 2.591 |
| Lúxemborg | 157 | Írland | 4.256 |
| Malta | 168 | Ítalía | 4.365 |
| Austurríki | 322 | Belgía | 9.923 |
| Búlgaría | 447 | Portúgal | 24.070 |
| Kýpur | 462 | Litháen | 24.593 |
| Eistland | 465 | Þýskaland | 40.415 |
| Lettland | 656 | Spánn | 48.026 |
| Grikkland | 1.119 | Frakkland | 67.399 |
| | | Holland | 317.459 |

Heimild: Hagstofa Íslands.

Af greiningu Aytug (2026) má ráða að ef Íslendingar tækju upp evru myndi útflutningur trúlega aukast mest til þeirra evrulanda sem skipta ekki mikið við þá í dag, en minna til þeirra sem mest var flutt út til árið 2025. Óvíst er þó vitaskuld hvort góður markaður væri þar fyrir íslenskar útflutningsvörur.

Innganga í Evrópusambandið og upptaka evru myndi ekki eingöngu hafa áhrif á viðskipti Íslands við evrulöndin heldur einnig þau Evrópusambandslönd sem standa utan myntbandalagsins. Áhrifin myndu þó vera minni þar sem þau lönd eru með sjálfstæða mynt, en lægri tollar gætu vitaskuld opnað leið inn á nýja markaði.

Nú eru í gildi fjölmargir fríverslunarsamningar sem Ísland hefur gert við önnur lönd og svæði. Þar má nefna EFTA-sáttmálann, EES-samninginn, tvíhliða samning Íslands og Evrópusambandsins um tollfríðindi fyrir sjávarafurðir og landbúnaðarvörur og fríverslunarsamning EES-EFTA ríkjanna og Bretlands. Þá hefur Ísland gert fríverslunarsamninga við Færeyjar og Kína og samning um viðskipti við Grænland. Loks hafa EFTA-ríkin gert 29 fríverslunarsamninga sem ná til 40 landa.

Gangi Ísland í Evrópusambandið munu þeir samningar sem landið hefur gert við lönd utan sambandsins um fríverslun falla dauðir niður. Aftur á móti myndi Ísland þá njóta þeirra samninga sem Evrópusambandið hefur gert við önnur lönd og svæði. Þar má nefna víðtæka samninga við Kanada og fríverslunarsamninga við Nýja-Sjáland, Singapúr, Suður-Kóreu og Víetnam. Samningaviðræðum um samninga af ýmsu tagi við Ástralíu, Indland, Indónesíu, Nígeríu, Suður-Amerikulönd (Argentína, Brasilíu, Paragvæ og Úrugvæ) er einnig lokið en samningarnir hafa þó ekki verið undirritaðir eða staðfestir. Engir samningar hafa hins vegar verið gerðir við Kína.

Erfitt er að fullyrða um áhrif evru á samsetningu innflutnings, en verðsamanburður við önnur ríki evrusvæðisins verður auðveldari og því líklegt að fleiri vörutegundir verði fluttar hingað en nú. Með Evrópusambandsaðild verður Ísland hluti af innri markaði sambandsins með búvörur og sjávarafurðir. Líklegt er að innflutningur á búvörum aukist og verði fjölbreyttari en áður, en magnið ræðst að miklu leyti af því samkomulagi sem Íslendingar kunna að ná við sambandið um sérstuðning úr ríkissjóði við íslenskan landbúnað. Flutningsþol ræður því hvaða vörur verða fyrst og fremst fluttar hingað. Ólíklegt er til dæmis að mikið verði flutt hingað af mjólk og rjóma. Sumar búvörur hafa séríslensk einkenni. Líklega munu skyr og íslenskt dillakjöt halda stöðu sinni á innlendum markaði að miklu leyti. Þá hefði Evrópusambandsaðild mismikil áhrif á einstakar búgreinar. Árið 2009 var gengi krónunnar lágt eftir hrun bankanna. En þá var það mat Hagfræðistofnunar að aðild að Evrópusambandinu hefði hvorki áhrif á verð á dillakjöti né nautakjöti. Verð á mjólkurvörum, svínakjöti, kjúklingum og eggjum mundi aftur á móti lækka töluvert.⁴²

Fjölbreytni útflutnings gæti líka aukist ef Ísland færir inn á evrusvæðið. Þá yrði kostnaður íslenskra fyrirtækja miðað við önnur evrulönd líklega stöðugri en verið hefur, en gengisbreytingar geta valdið skyndilegum breytingum í honum. Sveiflur í kostnaði miðað við útlönd eru sérlega bagalegar fyrir nýjar útflutningsgreinar, sem oft skila litlum tekjum fyrstu árin.


⁴² Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2009, Íslensk bú í finnsku umhverfi. Sótt af: <https://ioes.hi.is/files/2021-05/Isensk-bu-i-finnsku-umhverfi.pdf>

8. Samanburður á húsnæðiskostnaði, bæði eigið húsnæði og leiguhúsnæði, greint niður á lönd, ESB & Íslands, sem hlutfall af ráðstöfunartekjum og hlutfall af útgjöldum heimilanna.

Hægt er að nálgast alþjóðlegar upplýsingar um a) *öll útgjöld heimila sem tengjast búsetu* og b) *kostnaðinn sem þau bera af húsnæðinu einu og sér* hvort heldur sem er af eignarhaldi eða leigu. Í fyrra tilvikinu eru heildarútgjöldin sett fram sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, en hreinn húsnæðiskostnaður er skoðaður sem hlutfall af einkaneyslu. Þetta getur verið villandi því að nefnarinn í þessum hlutfallstölum er ekki sá sami og þær því ekki sambærilegar strax af þeirri ástæðu, jafnvel þótt litið væri einungis til þess þáttar í heildarbúsetuútgjöldunum sem rekja má til eignarhalds eða leigu húsnæðis. Skiptir hvort tveggja máli í alþjóðlegum samanburði því að búsetuútgjöld í heild gefa fyllri mynd af því sem heimilin geta leyft sér á sviði búsetuúrræða (*e. affordability*) en það að skoða aðeins kostnaðinn við fasteignina eina og sér. Hvert land hefur sín sérkenni hvað varðar heildarkostnaðinn, ekki síður en á mörkuðum fyrir eignarhald og leigu íbúðarhúsnæðis.

Svo að litið sé fyrst til mismunar á því hvað heimilin geta leyft sér að frádregnum þeim hluta tekna sem varið er til húsnæðisins eins, sést að hlutfall leigukostnaðar í ráðstöfunartekjum er fimmta hæst á Íslandi (27,5%) á eftir hinum norrænu ríkjunum fjórum. Finnland trónir á toppnum (30,6%), en hin löndin þrjú raðast í kringum 28%. Í öllum öðrum löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, þ.m.t. Evrópusambandslöndunum, verja fjölskyldur sem leigja lægra hlutfalli ráðstöfunartekna til þess en á Íslandi. Er meðaltal þessa hlutfalls fyrir öll Evrópusambandslönd 20,4%.⁴³

⁴³ OECD, <https://www.oecd.org/en/data/datasets/oecd-affordable-housing-database.html>, tafla HC1.2.1.




Mynd 5: Kostnaður af húsaleigu og skuldsettu eignarhaldi íbúðarhúsnæðis sem hlutfall af einkaneyslu (2024, eða nýjasta gildi), miðtala. Heimildir: OECD, húsnæðiskostnaður ísl. eigenda með lán áætlaður af höfundum.

Eins og sést á mynd 5 er ódýrara fyrir fjölskyldur að eiga íbúðarhúsnæði en að leigja það í flestum löndum Evrópusambandsins. Eru Lúxemborg og Portúgal einu undantekningarnar á því. Í þeim löndum þar sem dýrast er að leigja er oft frá þriðjungi til helmingis munur eignarhaldinu í hag, en sums staðar meiri, eins og í Svíþjóð og Sviss, þar sem er þrefalt dýrara að leigja en eiga (tölur fyrir Svíþjóð má sjá á Mynd 5). Sambærilegar tölur vantar fyrir Ísland, bæði hjá OECD og Evrópsku hagstofunni, Eurostat, og það á einnig við um Rúmeníu, Búlgaríu og Tyrkland. En tölur fyrir Ísland má námunda með hjálp „reiknaðrar húsaleigu“ í sundurliðun Hagstofunnar á einkaneyslu.⁴⁴ Benda þær til þess að á Íslandi nemi eignarhaldskostnaður 19,5% af einkaneyslu, eða 17,2% af ráðstöfunartekjum miðað við að sparnaður heimilanna hafi verið 12% af tekjum árið 2024. Með fyrirvara um gæði þessarar nálgunar þýðir þessi niðurstaða að í fjórum Evrópusambandslöndum sé dýrara að eiga skuldsett íbúðarhúsnæði en á Íslandi, þ.e. í Lúxemborg (31,8%), Portúgal (23,4%), Grikklandi (20%) og Frakklandi (18,1%). Að meðaltali er að jafnaði nokkru ódýrara að eiga húsnæði í Evrópusambandinu á þennan mælikvarða (15,2%) og langódýrast er það í Svíþjóð (8,8%).

Sé litið til heildarkostnaðar búsetu að meðtöldu rafmagni og hita, viðhaldi og öðru að tiltölu við einkaneyslu, þ.e. *útgjöld heimila*, er tölur fyrir Ísland að finna í gögnum OECD. Þar skakkar nokkru frá upplýsingum Hagstofunnar og voru íslensku gögnin notuð, m.a. til að gæta samræmis við útreikningana sem birtast á Mynd 5. Eru heildarútgjöldin sem hlutfall einkaneyslu hjá dæmigerðri íslenskrri fjölskyldu 24,6% samkvæmt þessu á árinu 2024. Innan Evrópusambandsins er það enn Finnland sem vermir toppsætið með 29,5% búsetukostnað. Önnur norræn ríki eru skammt undan

⁴⁴ Hagstofa Íslands.

ásamt nokkrum af stærstu og auðugustu Evrópusambandsríkjunum, en Ísland er í 9. sæti, næst á eftir Svíþjóð og vel yfir meðaltali bæði Evrópusambandsins (22,9%) og OECD (22,5%). Flest Evrópusambandsríkin þar sem heildarhúsnæðiskostnaður er lægri en héraðs miðað við ráðstöfunartekjur skipa sér í flokk fátækari landa Evrópu og lægst er þetta hlutfall á Möltu (13,9%).



Mynd 6: Húsnæðiskostnaður heimila í heild, sem hlutfall af ráðstöfunartekjum (2024 eða nýjasta ár).
 Heimildir: OECD, tölur fyrir Ísland reistar á gögnum frá Hagstofu Íslands.

Augljósasta ástæða þess að Ísland kemur aðeins betur út í samanburðinum á þennan mælikvarða, er að orkukostnaður heimilanna er tiltölulega lítill héraðs miðað við þar, sérstaklega eftir að stríð hófst í Úkraínu. Er kostnaður við vatn, rafmagn og hita á Íslandi reyndar lægri á Íslandi en í nokkru landi Evrópusambandsins (1,9%) og í sams konar samanburði skipar Ísland þriðja neðsta sætið meðal OECD ríkja, á eftir Costa Rica og Bandaríkjunum.

Margt annað getur legið að baki mismiklum kostnaði við eignarhald, leigu og rekstur á húsnæði. Sjálft húsnæðisverðið er ólíkt frá einu landi til annars og reyndar ekki síður eftir svæðum innan landa. Húsnæði getur verið misvandað, markaðir uppbyggðir á ólíkan hátt, lánakjör og áhættuálag ólík, framboð á óhagnaðardrífnu húsnæði mismikið, ásamt öðru. Alla þessa þætti þyrfti að greina til að meta hvaða ályktanir má draga af þessum samanburði um líklega þróun húsnæðiskostnaðar á Íslandi við inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evru. Eins er ekki nóg að horfa til stöðunnar eins og hún er í dag heldur þyrfti einnig að gera því skóna hver væru líkleg áhrif inngöngu og upptöku á þróun þeirra hagrænu þátta sem máli skipta í þessu efni, t.d. þróun vaxtastigs og orkuverðs.

Að því sögðu má teikna upp lauslega mynd af baksviði húsnæðismála í Evrópu. Í Evrópusambandinu búa meira en tvær af hverjum þremur fjölskyldum í eigin húsnæði (68%) á móti meira en þremur af hverjum fjórum hérlendis (78%).⁴⁵ Eignarhaldshlutfallið er hæst í aðildarríkjum með þjóðartekjur á mann *undir* Evrópusambandsmeðaltali. Í þeim hópi eru fyrrum austantjaldsríki á borð við Rúmeníu, Slóvakíu, Ungverjaland og Króatíu þar sem eignarhaldshlutfallið er alls staðar yfir 90%. Er skýringuna á því líklega að leita í sölu íbúða í ríkiseign til íbúa þeirra, sem átti sér stað víða í kjölfar falls járantjaldsins. Athygli vekur að í öllum hinum svokölluðu PIGS-ríkjum (Portúgal, Ítalíu, Grikklandi og Spáni) er hlutfallið yfir 70%, en í auðugum og rótgrónum Evrópusambandsríkjum á þýska og franska málsvæðinu, sem og á Norðurlöndum er eignarhlutfallið lægst, eða í kringum helmingur.⁴⁶ Um helmingur Evrópubúa á heima í einbýlishúsum eða raðhúsum og hinn helmingurinn í fjölbýli.⁴⁷

Innan Evrópusambandsins hefur mátt greina þróun á húsnæðismarkaði sem að mörgu leyti er svipuð því sem gerst hefur hérlendis undanfarin ár og felur hún að margra mati í sér alvarlega húsnæðiskreppu. Æ erfiðara verður fyrir ungt fólk að komast inn á húsnæðismarkað í mörgum Evrópulöndum og hátt leiguverð til þeirra sem ekki ná að festa kaup á húsnæði skapar svokallaða fátæktargildru leiguhúsnæðis, þegar há leiga hindrar sparnað (*e. tenure trap*). Takist tekjulægri fjölskyldum að festa kaup á húsnæði sýna gögn að greiðslubyrði er víðast hvar yfir ráðlögðum mörkum hjá lægsta fimmtungi tekjuskalans (40% af ráðstöfunartekjum). Fjármálavæðing íbúðarhúsnæðis (*e. financialization*) er almenn tilhneiging á Evrópusambandssvæðinu eins og hérlendis, þar sem litið er á eignarhald á íbúðarhúsnæði sem fjármálagjörning með tilheyrandi ávöxtunarkröfu fremur en kjölfestueign fjölskyldna. Eignarhaldið er þannig að færast í auknum mæli til fjárfestingarsjóða og annarra fagfjárfesta, þar á meðal lífeyrissjóða. Í Svíþjóð eiga stofnanafjárfestar þegar 25% íbúðarhúsnæðis, í Berlín 10% og einnig í Vín þrátt fyrir umfangsmikið óhagnaðardrifið leiguíbúðakerfi.⁴⁸ Þessa þætti í þróun húsnæðismarkaða sem margir líta neikvæðum augum, mætti túlka með tvennum hætti í tengslum við ákvörðun um umsókn. Annars vegar mætti sjá þetta sem vísbendingu um að Ísland eigi nóg með sjálft sig og þurfi ekki að bæta húsnæðiskreppu Evrópusambandsins við sína eigin. Hins vegar mætti halda því fram að það gæti aukið líkur Íslands á árangri á sviði húsnæðismála að glíma við þessi vandamál í samvinnu við stofnanir Evrópusambandsins.

⁴⁵ Hagstofa Íslands: Lífskjör heimila ([15. mars 2022](#)) (sótt 23. apríl, 2026)

⁴⁶ Þessi skammstöfun hefur verið höfð um þau ríki Evrópu sem glímdu við hvað mestan vanda í ríkisfjármálum á árunum 2009-2014.

⁴⁷ <https://ec.europa.eu/eurostat/web/interactive-publications/housing-2025>

⁴⁸ ART: Analysis & Research team - Evrópuráðið: Concilium skýrslan

https://www.consilium.europa.eu/media/00ybxicj/2025_2082_art_housing_web.pdf#page=8.79 , bls. 9

9. Hver yrðu efnahagsleg áhrif af því að Ísland uppfyllti Maastricht-skilyrðin án þess að ganga í ESB?

Til þess að aðildarríki Evrópusambandsins fái að taka upp evru sem gjaldmiðil þarf það að standast ákveðin skilyrði sem varða verðlagsstöðugleika, sjálfbærni opinberra fjármála, gengisstöðugleika og langtíma vaxtastig. Þetta eru Maastricht-skilyrðin (e. Maastricht convergence criteria).

Skilyrðin eru þessi:

1. Halli á rekstri hins opinbera skal ekki fara yfir 3% af vergri landsframleiðslu, nema um tímabundin og óvenjuleg útgjöld sé að ræða.
2. Skuldir hins opinbera skulu ekki vera meira en 60% af vergri landsframleiðslu eða stefna hratt að því marki.
3. Landið skal hafa tekið þátt í Gengissamstarfi Evrópu (ERM II) í tvö ár án verulegs fráviks eða gengisfellingar gagnvart evru. Gengissamstarfið er myntsamstarf þar sem valið er viðmiðunargengi gjaldmiðils gagnvart evru. Gengið má flökta, en þó ekki meira en 15% frá viðmiðunargengi.
4. Langtímanafnvextir (á ríkisskuldabréfum eða sambærilegu) skulu ekki vera meira en 2 prósentustigum hærrí en að meðaltali í þeim þrem Evrópusambandslöndum sem hafa lágsta verðbólgu.
5. Verðbólga skal ekki vera meira en 1,5 prósentustigi hærrí en að meðaltali í þeim þrem Evrópusambandslöndum sem hafa minnstu verðbólguna.⁴⁹

Ísland uppfyllir nú þegar fyrstu þrjú skilyrðin. Á liðnu ári var halli á rekstri hins opinbera 2,8% af landsframleiðslu að mati Hagstofunnar. Í árslok 2025 voru verðbréf og lántökur hins opinbera, sem eru þær skuldir sem litið er til við uppgjör á Maastricht-skilyrðunum, 56% af landsframleiðslu, og er það í fyrsta sinn frá 1998 sem hlutfallið fer undir 60%.⁵⁰ Seinustu tvö árin hefur gengi krónunnar gagnvart evru sveiflast nokkuð en hæst var það 153,5 og lægst 141,6. Miðað við viðmiðunargengið 145 krónur á evru stenst Ísland þriðja skilyrðið.

⁴⁹ Maastricht-skilyrðin, af Evrópuvefnum. Sótt af: <https://www.evropuvefur.is/svar.php?id=60013>, o.fl.

⁵⁰ Hagstofa Íslands, vefsíða, Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 1998-2025, verðbréf og lántökur, hlutfall af vergri landsframleiðslu. Sótt af: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur_fjaropinber_fjarmal_opinber_fjarmal_opinber/THJ05181.px/table/tableViewLayout2/

Langtíma vextirnir sem Maastricht skilyrðin miða við voru 3,34% í mars 2026, svo að nafnvextir á Íslandi þyrftu að fara undir 5,35%.⁵¹ Á Íslandi var ávöxtunarkrafa á tíu ára ríkisbréfum um 7% í mars svo að nokkuð vantar upp á í þeim efnum.⁵²

Í mars 2026 voru þau þrjú lönd sem höfðu minnstu verðbólguna Danmörk, Svíþjóð og Kýpur. Að meðaltali er ársverðbólga í þessum löndum 1,33% og þarf verðbólga því að fara undir 2,8% til þess að uppfylla skilyrðin eins og staðan var í mars.⁵³ Ársverðbólga á Íslandi er 5% um þessar mundir (hér er miðað við HICP verðbólgu þar sem húsnæði hefur minna vægi en í vísitölu neysluverðs).

Íslendingar myndu öðlast ýmiss konar ávinning, sem hér á undan hefur verið tengdur við Evrópusambandsaðild og upptöku evru, með því einu að standast Maastricht-skilyrðin. Markmiðin eru reyndar nátengd. Litlar opinberar skuldir og góð afkoma hins opinbera stuðla að lægri vöxtum og minni verðbólgu. Lágir vextir á löngum ríkisbréfum benda yfirleitt til þess að vænst sé lítillar verðbólgu á komandi árum. En lág og stöðug verðbólga er í flestra huga æskilegt markmið. Stöðugt gengi og lágir vextir koma nýjum fyrirtækjum sérstaklega vel, ekki síst í útflutningsgreinum. Eftirspurn eftir vinnuafli þáðan gæti aukist, þótt landið tæki ekki upp evru. En óvíst er að jafnmikill agi yrði í hagstjórninni ef Íslendingar hygðust standast Maastricht-skilyrðin „upp á eigin spýtur“ og ef þeir mættu til vegna evruaðildar. Gegnsæi í utanríkisviðskiptum yrði minna en ef Íslendingar skiptu um gjaldmiðil. Verðlag á búvörum yrði hærra en ef Íslendingar gengju í Evrópusambandið og yrðu að fella niður tolla á búvörum frá öðrum löndum sambandsins. Á móti kæmi viss sveigjanleiki í hagstjórninni. Maastricht-skilyrðin leyfa til dæmis nokkurn sveigjanleika í gengi: +/- 15% frá viðmiðunargenginu. Þá er líka alltaf hægt að víkja frá skilyrðunum, ef það þykir henta, án þess að það hafi mjög slæmar afleiðingar.

⁵¹ <https://data.ecb.europa.eu/data/datasets/IRS/IRS.M.U2.L.L40.CI.0000.EUR.N.Z>

⁵² Seðlabanki Íslands, Hagvísar.

⁵³ <https://ec.europa.eu/eurostat/web/products-euro-indicators/w/2-16042026-ap>